

ember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 300.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 8. apríl 1980.

Nr. 55/1980. Ákærvaldið  
gegn  
Herði Thor Morthens.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1980, er barst Hæstarétti 1. apríl s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Af hálfu skipaðs verjanda ákærða hefur engin greinargerð borist Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. mars 1980.

Ár 1980, laugardaginn 29. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfis-götu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa, við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

### MÁL SATVIK.

Laust eftir hádegi í gær var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykja-vík Hörður Thor Morthens, fæddur 31. desember 1954, til heim-

ilis að Stigahlíð 93, Reykjavík, en hann er borinn sökum um dreifingu fíkniefna. Nefndur Hörður var yfirheyrður hér í dómi síðdegis í gær og neitaði að tjá sig um sakarefni.

Við húsleit, er fram fór í vistarverum nefnds Harðar, bæði að Stigahlíð 93 og Hringbraut 51 hér í borg, fundust ætluð cannabis-fræ og nokkrar reykjarpípur, er lögregla lagði hald á, en reykjarpípunar sýndu jákvæða svörun við litarpröfun vegna cannabis.

Síðdegis í gær var yfirheyrð hjá lögreglu og síðan hér í dómi Sigríður Gísladóttir, fædd 2. október 1953. Nefnd Sigríður bar, að ofangreindur Hörður Thor Morthens hefði haft samband við sig og beðið hana að selja fyrir sig 150 gr af Libanonhassi. Mætta kvað þetta hafa átt sér stað fyrir u. þ. b. 2 vikum, en þá hafi m/s Bifröst, er nefnd Sigríður kvað Hörð vera skipverja á, verið að koma úr ferð.

Kvaðst hún hafa móttekið ofangreint hassefni ásamt sambýlismanni sínum, Þorleifi Guðjónssyni. Nefnd Sigríður kvað sér hafa skilist, að nefndur Hörður hefði greitt kr. 1.500—2.000 fyrir hvert gramm af efninu. Mætta kvað efnið hafa verið í strigaumbúðum og virst vera hluti af stærri hassköku.

Hér í dómi fyrir stundu var ofangreindur Þorleifur J. Guðjónsson, fæddur 18. nóvember 1956, yfirheyrður og skýrði sjálfstætt svo frá, að fyrir um þremur vikum hefði Hörður Morthens komið á heimili sitt og sambýliskonu sinnar, Sigríðar Gísladóttur, og beðið þau að selja fyrir sig um 200 gr af Libanonhassi. Kvað hann þau hafa tekið við efninu og átt að greiða Herði kr. 7.000 pr. gr eftir sölu efnisins, en þau hafi þó aðeins greitt nefndum Herði kr. 600.000. Þá kvað nefndur Þorleifur Hörð við þetta tækifæri hafa afhent sér 15—20 gr af marihuana.

#### NÍÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er nefndur Hörður Thor Morthens borinn verulegum sökum um dreifingu fíkniefna, en hefur sjálfur neitað að tjá sig um sakaratriði. Þykir því ljóst, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli hans er á algeru frumstigi og eftir að staðreyna í mörgum atriðum framkommið í málinu og í því sambandi þörf að yfirheyra marga aðilja og samprófa. Þykir í því sambandi nauðsynlegt, að nefndur Hörður nái ekki að tefja eða torvelda rannsókn, svo sem með undanskoti sakargagna eða með því að hafa samband við samseka.

Verið er að rannsaka ætluð brot Harðar Thor Morthens og fleiri aðilja gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og

getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Herði Thor Morthens að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 14 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Hörður Thor Morthens, fæddur 31. desember 1954, til heimilis að Stigahlíð 93, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 14 dögum.

Fimmtudaginn 10. apríl 1980.

Nr. 50/1980. Jóhann Egilsson  
 gegn  
 Þórdísi Rögnvaldsdóttur.

Kærumál. Frávísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. mars 1980, sem barst Hæstarétti 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp efnisúrskurð um ágreining aðilja. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu varnaraðilja fyrir Hæstarétti.

Kröfur sóknaraðilja fyrir skiptarétti Reykjavíkur eru greindar í hinum kærða úrskurði.